

# Skagafjarðarveitur ehf.

## Fundur 151 – 28.11.2011

Mánudaginn 28. nóvember árið 2011, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 15.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Jón Magnússon og Úlfar Sveinsson, Páll Pálsson veitustjóri, Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

### DAGSKRÁ:

1. Drög að fjárhagsáætlun 2012.
2. Málefni Gagnaveitu Skagafjarðar.
3. Erindi frá Dögun.
4. Hagræðingarmál Skv.
5. Önnur mál.
  - a. Bréf til umboðsmanns Alþingis.
  - b. Verið – niðurstaða aðalfundar

### Afgreiðslur:

1. Páll Pálsson lagði fram drög að fjárhagsáætlun 2012. Samþykkt að vísa henni til fyrri umræðu í byggðaráði og í sveitarstjórn.
2. Málefni Gagnaveitu Skagafjarðar rædd.
3. Farið yfir erindi Dögunar frá síðasta fundi. Páli falið að svara erindinu.
4. Samþykkt að leggja fram til sveitarstjórnar Sv. Skagafjarðar tillögu um hagræðingu og sparnað í rekstri veitna.
5. Önnur mál.
  - a. Samþykkt að senda framlagt bréf til umboðsmanns Alþingis vegna láns Orkusjóðs.
  - b. Einar Gíslason gerði grein fyrir aðalfundi Versins sem var haldin 15.11.2011.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16.30  
Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)  
Jón Magnússon (sign)  
Úlfar Sveinsson (sign)  
Páll Pálsson veitustjóri (sign)